

16. febrúar 2021

## Yfirlýsing:

Vegna bókunar formanns svæðisráðs vestursvæðis á fundi ráðsins þann 3. febrúar vill stjórnarformaður koma eftirfarandi á framfæri:


Ég hef ekki gert athugasemd við þá efnislegu afstöðu sem formaður svæðisráðsins (nú fyrrverandi), Ásta Berghildur Ólafsdóttir, hefur talað fyrir í málefnum Vonarskarðs. Þá kom ég hvergi nálægt tillögu um vantraust á hana og frétti einungis af þeirri tillögu þegar hún hringdi í mig sjálf þann 16. desember og tilkynnti mér um þá stöðu sem upp var komin í svæðisráðinu. Ég geri hins vegar athugasemd við þá bókun sem lögð var fram af formanninum og ég tel fela í sér órökstuddar ásakanir í minn garð.

Mögulega er um misskilning að ræða en þeir valkostir sem vísað er í úr minnisblaði mínu sem stjórnarformanns voru samantekt á þeim hugmyndum sem fram komu í umræðum á vinnustofu stjórnar og svæðisráðs í lok júní 2020, og úr umsögnum sem bárust frá stofnunum, hagaðilum og einstaklingum í umsagnarferli skömmu áður en vinnustofan var haldin. Minnisblaðið var hugsað til að auðvelda fulltrúum að ræða ólíka valkosti og komast þannig að niðurstöðu um tillögu til að senda til stjórnar. Sú leið sem farin var, að greiða atkvæði um valkostina þrjá, í stað þess að móta sjálfstæða tillögu eftir umræðu um mismunandi valkosti, er ekki það sem ég átti von á frá svæðisráði heldur var sú ákvörðun val þess sem stýrði vinnu svæðisráðsins á þeim tíma, þ.e.a.s. þáverandi formanns svæðisráðs vestursvæðis.

Hvað varðar meinta lagalegu óvissu um heimild stjórnar til að opna ökuleið sem áður hefur verið lokað þá voru það ábendingar sem ekki komu fram fyrr en eftir afgreiðslu svæðisráðsins í október. Um er að ræða lögfræðialit sem var samið fyrir hönd aðila sem hefur beitt sér með beinum hætti til að hafa áhrif á afgreiðslu stjórnar um málið. Formaður svæðisráðs tók þá ákvörðun að vinna þvert á vilja meirihluta eigin svæðisráðs í störfum sínum í stjórn þjóðgarðsins og gerði það áður en lögfræðialit LEX, sem ég sem stjórnarformaður óskaði eftir, lá fyrir.

Hvað varðar fullyrðingu formanns svæðisráðs vestursvæðis um skipun í stjórn þá liggur fyrir að hvorki ég né varaformaður stjórnarinnar erum pólitískt tengdar ráðherra. Ég er þvert á móti skipuð í stjórnina á grunni faglegrar þekkingar á málefnum sem eru á verksviði þjóðgarðsins.

Mér þykir leitt að umræða um málefni Vonarskarðs hafi farið í þennan farveg og finnst miður að möguleikinn á að bóka við afgreiðslu einstakra mála sé nýttur til að skapa efa um sitt samstarfsfólk eins og þarna var gert.



Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs